

**Forsætisnefnd**  
**17. apríl 2026**

**Tillaga forseta borgarstjórnar að fyrirkomulagi borgarstjórnarfunda við afgreiðslu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2025.**

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að fyrirkomulag borgarstjórnarfunda þegar ársreikningur Reykjavíkurborgar 2025 verður afgreiddur verði með sama sniði og árin 2022, 2023 og 2024. Við fyrri umræðu um ársreikning sem fram fer á fundi borgarstjórnar 28. apríl nk. taka einungis oddvitar til máls. Ræðutími þeirra verður rýmkaður í 75 mínútur en að öðru leyti gilda hefðbundnar reglur um fundarsköp. Á dagskrá verður fyrri umræða um ársreikning auk fundargerða. Við seinni umræðu um ársreikning sem fram fer á fundi borgarstjórnar 5. maí er gert ráð fyrir öllum borgarfulltrúum á mælendaskrá og hefðbundnar reglur um fundarsköp gilda. Á dagskrá verður seinni umræða um ársreikning auk fundargerða.